



# Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 28. árg.

Nóvember 2013

„En öllum þeim sem tóku við honum gaf hann rétt til að verða Guðs börn.“ Jóh. 1.12



## Guðs börn

Senn gengur í garð sú hátíð sem veigamestan „sess og sæti“ á í þjóðarsál Íslendinga. Aðdragandinn er adventan sem áður fyrr var fyrst og fremst undirbúningstími og sú iðja að fjarlægja og bæla lestina en upphefja dyggðirnar – að greiða Guði veg inn í líf okkar. Á síðari tímum tekur sú tíð á sig andblæ jólanna í síauknum mæli.

Ævaforð hátíð fékk nýtt inntak og nýja merkingu með kristnitökunni. Nú skyldi því fagnað að skapari heim og lífs vitjafi manna barna í frelsaranum Jesú Kristi og meira en það, hann hefur vitjafi þjóðarinnar og vill gera það enn. Hver ný kynslóð þarf að taka á móti barninu sem forðum fæddist í Betlehem og bar okkur sjálft Guðsríkið. Þannig má segja að hin kristnu jól séu í vissum skilningi

dyr þessa ríkis Guðs. Þau eru tákmynd um elsku Guðs og frið milli himins og jarðar og milli manna innbyrðis.

Gleðistund hverrar fjölskyldu um jól á sér því vísun í þann boðskap, þá hugsun, að við erum kölluð til að vera hluti af fjölskyldu allra Guðs barna. Þegar við tökum því kalli og þiggjum, þegar við tökum við Jesú Kristi – merkir það að ganga velvildinni á hönd. Þegar það gerist ríkir vilji Guðs í hjörtum manna og Guðsríkið er í senn hið innra og mitt á meðal okkar.

Megi komandi jól vera þeirri velvild vígð og helguð.

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni gleðirík og blessuð jól.

**Gunlaugur Gardarsson,**  
sóknarprestur



## Kveðja frá sóknarnefnd

Það líður að jólum og aðventan er að byrja, ætla þú lesandi góður að koma í kirkjuna þína á adventunni? Það er sannarlega yndislegt að eiga stund í kirkjunni og adventustundin er upphaf að jólaundirbúningnum hjá mörgum. Á stundum sem þessum kemur fólk saman á öllum aldri sem hefur lagt vinnu í að undirbúa þessar stundir svo þær verði okkur til gleði og góðra minninga. Það er alltaf hægt að finna eitthvað sem höfðar til okkar allra.

Hvað skapar eftirvæntingu í þínu hjarta, í þinni sál á þessum árstíma eða bara á öllum tímum ársins? Gefðu þér tíma til að dvelja í þessum hugsunum. Hvað hefur áhrif á líðan þína? eru það einhverjir aðrir sem hafa þar áhrif eða er það þú sjálfur/sjálfr? Svári nú hver fyrir sig.

Gleðin er eitt það besta hjálparmedal sem við eigum innra með okkur. Notaðu gleðina til góðra verka vertu samferða-

mönnum þínum ljós hvort sem þeir fara fram hjá í gleði eða í sorg. Þá er síðast en ekki síst að nefna það sem ætti að vekja mesta gleði og eftirvæntingu okkar, og allur okkar undirbúningur snýst um, látum það alltaf vera honum til dýrðar sem er konungur lífs vors og ljós. Jesús Kristur er sú stærsta gjöf sem mér var gefin í barnæsku og er ég þakklátur fyrir það. Hvert mannsbarn á rétt á að kynnst honum og verða honum samferða. Trúin á hann og máttur bænaráttar hefur gefið mér styrk í gleði og í sorg.

Kæri lesandi, gakktu mót adventu og jólum á þann hátt sem þér líður sem best með, vertu minnugur þess að þú hefur áhrif á framvindu líðanar þinnar á þessum tíma sem og öðrum tímum ársins. Öll getum við beðið um styrk í bæninni og við eigum líka að þakkað það sem við höfum sem er ekki síður mikilvægt. Til þess að geta þegið þarf að geta þakkað.

Hafðu vald yfir líðan þinni láttu engan draga þig niður í það neikvæða, láttu kærleika Krists koma inn í hjarta þitt, þú skalt biðja hann af öllu hjarta um styrk til allra verka og þakka hvern þann dag sem þú færð að njóta.

Gleráirkirkja er kirkjan þín, nýttu og njóttu þeirrar þjónustu sem hún hefur upp á að bjóða. Þar starfar frábært fólk sem tekur vel á móti þér og er tilbúin að veita þér alla þá aðstoð sem það getur. Skoðuðu dagskrána á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) ég veit að þú finnur eitthvað við þitt hæfi.

Kæru vinir. Í hönd fer hátíð ljós og friðar, það eru mannréttindi okkar allra að fá að njóta þess tíma á þann hátt sem við viljum. Guð blessi ykkur og ykkar ófarna veg og gefi ykkur öllum gleðileg jól.

*Gunnar Sturla Gíslason,  
sóknarnefndarformaður*



Starf Kórs Gleráirkirkju hefur verið með hefðbundnum hætti frá því að vetrarstarf hófst, undir styrkri stjórn Valmars Völjaots organista. Kórnum er skipt í tvo messuhópa sem skiptast á um að syngja við afhafnir. Æft er tvisvar í viku. Allur kórinn æfir á fimmtudögum frá 20 - 22 en messuhópur mætir klukkutíma fyrir afhafnir til að æfa sálma dagsins. Auk þess er ein æfingahelgi á misseri sem notuð er til æfinga fyrir tónleika.

Jólatónleikar kórsins verða að þessu sinni 15. desember kl. 16.00 í samstarfi við Kór eldri borgara á Akureyri. Þetta er þriðja árið í röð sem þessir tveir kórar sameina krafta sína á jólatónleikum. Að venju er frítt inn og allir hjartanlega velkomnir.

Jólahátíðin er annatími hjá þeim sem syngja í kirkjukór en jafnframt mjög ánægjulegur tími. Allur kórinn mun að venju syngja við aftansöng á aðfangadag og við hátíðarmessu á jóladag. Auk þess mun kórinn syngja við afhafnir á Dvalarheimilum bæjarins á jóladag.

**Að lokum: Við viljum gjarna bæta við söngfólki í kórinn okkar. Ábugasamir hafi samband við Valmar Völjaots kórstjóra.**

Með ósk um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári.

*Kveðja frá félögum  
og stjórnanda Kórs Gleráirkirkju.*

## Frábær söfnun fermingarbarna í Gleráirkirkju

Fermingarbörn í Gleráirkirkju létu sitt ekki eftir liggja í árlegri fermingarbornasöfnun fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku. Þau gengu í hús í sínu hverfi í byrjun nóvember, buðu gott kvöld og spurðu með bros á vör hvort fólk vildi ekki styrkja mikilvæg vatnsverkefni sem væru á þurrkasvæðum í Afríku þar sem vatnsskortur væri mikill. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og krónurnar streymdu inn og urðu að lokum 248.500. Frábær árangur það!

Brunnur með hreinu vatni bjargar sannarlega mannlífum. Þegar vatnið er komið er hægt að fræða um smitleiðir sjúkdóma og hreinlæti. Fræðsla um notkun kamra og hvernig á að byggja þá er samþætt inn í vatnsverkefni. Þegar brunnur er kominn eru stúlkur ekki bundnar við að sækja vatn langar leiðir sem áður kom í veg fyrir að þær færu í skóla. Vatn frá brunnum gefur möguleika á fjölbreyttari fæðu þar sem hægt er að rækta grænmetisgarða með nýjum tegundum grænmetis sem gefa góða næringu. Einnig skapast með vatninu grundvöllur fyrir geita- og hænsnarækt sem gefur mjólk, kjöt og egg. Með hreinu vatni frá brunni er hægt að taka stór skref til framfara og betra lífs - bjarga mannlífum.

Handgraffinn brunnur kostar um 180.000 krónur og geit kostar um 3.200 krónur. Um 500 manns geta notað einn



brunn til fjölda ára. Því má segja að fermingarborn Gleráirkirkju hafi tryggt um 500 manns aðgang að heinu vatni og þar að auki útvegað 18 geitur sem bæta lífsafkomu fjölda fjölskyldna.

Hjálparstarf kirkjunnar færir fermingarbornum Gleráirkirkju og starfsfólki kirkjunnar og öllum þeim sem gáfu sínar bestu þakkir. Við þurfum ekki að óttast um framtíðina þegar okkar unga fólk er svona duglegt og kærleiksríkt!

*Bjarni Gíslason, fræðslufulltrúi  
Hjálparstarfs kirkjunnar.*



# Fermingarundirbúningur

Annað árið í röð hófst fermingarundirbúningur að hausti með því að verðandi fermingarbörnum var boðið í sólarhringsferð í Sumarbúðir KFUM og KFUK við Hólavatn. Síðastliðna tvo vetur hefur æskulýðsstarf Glerárkirkju og KFUM og KFUK verið sameiginlegt og ferðir fermingarbarna að Hólavatni farnar í þeim tilgangi að kynna unglíngunum æskulýðsstarfið. Í ferðunum hefur leikurinn verið í aðalhlutverki, auk þess sem útivera og frábær aðstaða Hólavatns hefur verið nýtt til hins ýtrasta.

Farið var með þrjá hópa og skipt í þá eftir skólum sóknarinnar. Ferðirnar hafa verið valfrjálsar fyrir fermingarbörnin en Glerárkirkja hefur nýtt hluta af styrk frá Útgerðarfélaginu Samherja til að niðurgreiða ferðirnar svo kostnaður þurfi ekki að standa í vegi fyrir þátttöku. Í ár voru 66 unglíngar sem nýttu tækifærið og skelltu sér í ferð á Hólavatn en það er ríflega helmingur af heildarfjölda í árganginum. Starfsfólk í ferðunum voru Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni í Glerárkirkju, Jóhann Þorsteinsson, starfsmaður KFUM og KFUK, Lárus Óskar Sigmundsson og Hafþór Freyr Líndal leiðtogar úr æskulýðsstarfinu.

Æskulýðsfélagið, UD-Glerá er með samverur í félagsheimili KFUM og KFUK í Sunnuhlíð öll fimmtudagskvöld kl. 20.00-21.30 og í vetur hefur meðaltalsmæting verið um 20 unglíngar í hverri viku. Starfið er nú farið í jólafrí en fyrsta sam-

vera á vormisseri verður 9. janúar og eru allir unglíngar í 8.-10. bekk hjartanlega velkomnir.

*Jóhann Þorsteinsson,  
sviðsstjóri æskulýðssviðs  
KFUM og KFUK á Íslandi*



Frá samveru fermingarbarna að Hólavatni.



## Kvenfélagið Baldursbrá

Kvenfélagið Baldursbrá var stofnað 8. júní árið 1919 og er því komið vel á tíræðisaldurinn. Markmið þess var að rétta fram systurhönd þeim sem minna máttu sín. Félagið hefur starfað óslitið frá stofnun þess og markmiðið verið hið sama að styðja þar sem stuðnings er þörf. Með tímanum minnkaði þörfin fyrir aðstoð við einstaklinga svo félagið horfði til fleiri átta. Þegar Sólborg var í byggingu beindu konurnar kröftum sínum þangað og studdu þar við meðan þroskaheftir höfðu þar búsetu. Síðar beindu þær stuðningi sínum að Glerárkirkju þegar hún var í smíðum og eru alltaf til taks þegar kirkjan þarfnast þess. Í staðinn fær félagið aðstöðu fyrir starfsemi sína í kirkjunni, sem er ómetanlegt.

Félagið hefur afnot af sal á neðri hæð kirkjunnar á fimmtudagskvöldum. Handavinnukvöld eru þrisvar í mánuði, á fimmtudagskvöldum, kl. 19:00 til 21:00. Þar koma konur saman með handavinnu og eiga saman góðar stundir. Allir eru velkomnir að vera með. Þriðja fimmtudag í mánuði er félagsfundur og hefst hann kl. 19:30 og eru nýjir félagar ávallt velkomnir í Baldursbrá. Þá er Baldursbrá líka á Fésbókinni.

Í vetur hafa verið saumaðir vistvænir innkaupapakar. Þeir eru saumaðir úr flíkum sem ekki er þörf fyrir lengur, buxum, pílsum eða öðrum efnem sem liggja í skápunum hjá félagskonum. Þar fær nú hugvitið aldeilis að njóta sín.

Nú nálgast jólin með eftirvæntingu og tilhlökkun. Við þökkum öllum þeim sem stutt hafa okkur og biðjum Guð að blessa ykkur öll. Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

*Sveina Páls, formaður*




Frá Hólavatnssamverunni.



Fermingarbörn fyrir utan Hóladómkirkju í október 2013.

# Helgihald í Gleráarkirkju á aðventu og jólum



## Sunnudagurinn 1. desember

### - Fyrsti sunnudagur í aðventu

- ★ **Barnasamvera og messa kl. 11.** Sameiginlegt upphaf. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmars Völjaots.
- ★ **Aðventukvöld kl. 20.** Ræðumaður er Guðni Ágústsson. Kór Gleráarkirkju syngur ásamt Barna- og Æskulýðskór kirkjunnar. Fermingarborn taka þátt í ljósaathöfn. Allir eru velkomnir.

## Sunnudagurinn 8. desember

### - Annar sunnudagur í aðventu

- ★ **Barnasamvera og messa kl. 11.** Sameiginlegt upphaf. Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmars Völjaots.
- ★ **Kvöldguðsþjónusta kl. 20.** Sr. Guðmundur Guðmundsson þjónar. Krossbandið leiðir söng.

## Sunnudagurinn 15. desember

### - Þriðji sunnudagur í aðventu

- ★ **Barnasamvera og messa kl. 11.** Sameiginlegt upphaf. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.
- ★ **Jólatónleikar Kórs Gleráarkirkju kl. 16.**

## Sunnudagurinn 22. desember

### - Fjórði sunnudagur í aðventu

- ★ **Sunnudagaskóli á Glerártorgi kl. 13.** Brúðuleikhúsið verður á sínum stað og Valmar mætir með nikkuna.

## Aðfangadagur jóla

### ★ Aftansöngur kl. 18.

Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Kór Gleráarkirkju syngur undir stjórn Valmars Völjaots.

### ★ Miðnæturmessa kl. 23.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Rakel Sigurðardóttir syngur einsöng.

## Jóladagur

### ★ Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju syngur.

## Annar dagur jóla

### ★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13. Helgileikur barna.

Barna- og Æskulýðskórinn syngur.

## Gamlársdagur - 31. desember

### ★ Aftansöngur kl. 18. Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar.

Kór Gleráarkirkju syngur.

## Nýársdagur - 1. janúar

### ★ Hátíðarmessa kl. 14. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

Kór Gleráarkirkju syngur.

## Sunnudagur 5. janúar

### ★ Messa kl. 11. Jólin kvödd. Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Kór Gleráarkirkju syngur.

Munið hádegissamverurnar alla miðvikudaga kl. 12.

- Næstu samverur fyrir eldri borgara verða 12. des. nk., 16. jan. og 20. febr. 2014

## Vígðir þjónar og starfsfólk Gleráarkirkju

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: [gunnlaugur@glerarkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glerarkirkja.is)

### Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: [arna@glerarkirkja.is](mailto:arna@glerarkirkja.is)

### Djákni: Ragnheiður Sverrisdóttir.

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864-8451 (gsm). Netfang: [ragnheiður@glerarkirkja.is](mailto:ragnheiður@glerarkirkja.is)

Umsjónarmaður er Haukur Þórðarson. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju) og gsm 661-7700. Netfang: [haukur@glerarkirkja.is](mailto:haukur@glerarkirkja.is)

Organisti er Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og gsm 853 8001. Netfang: [valmar@glerarkirkja.is](mailto:valmar@glerarkirkja.is)

Kirkjuvörður er Sigríður Albertsdóttir, gsm 847 9025. Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Gleráarkirkju er að finna á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) – [glerarkirkja@glerarkirkja.is](mailto:glerarkirkja@glerarkirkja.is)

